

## Orkunýting og umhverfisiðfræði -samantekt -

### **Þorsteinn Hilmarsson, Landsvirkjun**

Í erindi þessu er ætlunin að hugleiða á heimspekilegan máta undirstöðu þeirrar umræðu um umhverfismál sem fram hefur farið í samfélaginu undanfarin misseri. Ég mun einnig leggja fram hugmyndir um hvernig beri að skilja stöðu mannsins frammi fyrir þeim vanda að þræða einstigi milli nýtingar og varðveislu náttúrunnar. Verður þetta eftir föngum tengt umræðu um orkumál.

#### **1. Ákveðin siðferðisviðhorf koma fram í almennri umræðu um umhverfis- og orkumál**

Það þarf ekki að fylgjast lengi með umræðum um virkjunarmál og umhverfisáhrif þeirra til þess að átta sig á því að skiptar skoðanir í þeim efnum byggjast á mismunandi gildismati sem að baki liggur. Skoðanir manna byggjast á ákveðnum “gildum” sem ekki þurfa endilega að vera meðvituð eða koma fram beint í máli þeirra. Gildi þessi eru siðabod eða almennar reglur sem menn ganga út frá um rétt og rangt.

Siðfræði er sú fræðigrein innan heimspekinnar sem reynir að gera röklega grein fyrir hvernig við komust að niðurstöðum um rétt og rangt. Hún gerir grein fyrir siðferðisviðhorfum manna og til eru margvíslegar kenningar um grundvöll siðferðis. Þegar fjallað er um afstöðu manna til náttúruverndar má spyrja hvort öllu máli skipti að taka tillit til afleiðinganna af t.d. virkjunarframkvæmdum eða hvort talið sé rangt að gera á hlut náttúrunnar í vissum tilellum án tillits til afleiðinga.

Mig langar í upphafi að fjalla stuttlega um þrjú gildi sem ég tel einkennandi fyrir umræðu um náttúruvernd.

a) Í umræðu um ákvarðanir um einstakar framkvæmdir er stundum bent á að ákveðnar lífverur, tegundir, samfélag þeirra eða jafnvel landsvæði eigi rétt í þeim skilningi að þau beri að vernda. Sá réttur sé æðri hagsmunum manna sem tengjast nýtingu viðkomandi svæðis til orkuvinnslu eða annars. Jafnhliða þessu er náttúran sem heild talin eiga skilið að tekið sé tillit til hennar. “Móðir náttúra” er það sem við mennirnir eigum allt undir og ber að varðveita. Að baki gæti búið gildi sem væri eitthvað á þessa leið: “Náttúruna ber að varðveita en einstakir hlutar hennar, lífverur, tegundir og ákveðin svæði eiga líka sjálfstæðan rétt til varðveislu.”

Í þessu viðhorfi geta þó leynst ákveðnar mótsagnir því að viðleitni til að varðveita náttúruna í heild felur ekki í sér að varðveita þurfi hvern einstakan hluta hennar óskertan. Þess eru margvísleg dæmi að umhverfisvandi sé óstaðbundinn. Þetta getur einmitt verið kjarni málsins þegar menn velta upp valkostum t.d. eins og þeim að virkja á einum stað fremur en öðrum. Með tilliti til náttúrunnar í heild kann annar kosturinn að vera betri en hinn en eftir stendur að staðbundin náttúruyfyrirbrigði skaðast þar sem virkjað verður.

b) Mikið er talað um að inngrip mannsins í náttúruna sé óæskilegt. “Náttúran á að fá að þróast eftir eigin lögmálum.” Inngrip mannsins er í einhverjum skilningi talið ónáttúrulegt, það hafi í för með sér “óafturkræfar breytingar” á stundum þannig að ekki sé hægt að koma náttúrunni aftur á rétt spor.

“Náttúruleg þróun“ er vandmeðfarið hugtak. Að svo miklu leyti sem fyrirbrigði náttúrunnar eru löggeng getur það átt við að framþróun athafna mannsins séu einnig hluti hennar. Meira um það síðar.

c) “Náttúran á að njóta vafans” þegar réttmæti athafna manna er metið. Þetta er meginsteff í umhverfismráðu á Íslandi um þessar mundir eins og víða um heim. Vafinn sem um ræðir veltur á spurningunni um hvornig rétt sé að maðurinn taki tillit til náttúrunnar í verkum sínum. Skírskotun til náttúruverndar fremur en til hagsmuna eins og arðs, atvinnusköpunar eða byggðastefnu er af mörgum talið hafa eitthvert það gildi sem geri slíka hagsmunagæslu réttmætari. Hún er talin virðingarverðari, æðri og hafa meira siðferðilegt gildi. Hvaða siðferðishugmyndir kynnu að liggja hér að baki?

## 2 Hvað leiðir siðfræði í ljós um þessi viðhorf?

a) Þegar bent er á einstakar lífverur í hættu og sagt að þær beri að vernda þarf að rökstyðja það með almennum rökum. Í siðfræði er talað um almenn gildi og heildir eins og mannkynið og náttúruna og reynt að gefa þannig leiðbeiningu í einstökum tilfellum. Þetta er mikilvægt ef draga á almennan lærdóm af siðfræði umhverfisins. Því er ekki skynsamlegt að leggja að jöfnu skylduna til að vernda náttúruna og skylduna til að vernda einstök náttúruyfyrirbrigði.

Það er ekki siðferðilega rangt í sjálfu sér að skaða einstakar lífverur eða samfélög þeirra. En það er siðferðilega rangt að valda slíkum skaða af rangri ástæðu. Siðferðilegt réttmæti ræðst ekki af hvað er gert heldur af því hvers vegna eitthvað er gert. Háterni dýra er t.d. ekki siðferðilegs eðlis þótt það geti þótt bera vott um siðferðilega eiginleika eins og grimmd eða umhyggju. Til þess að athöfn teljist siðferðileg, þ.e. rétt eða röng, þarf ákveðið val að búa að baki og vitund um réttmæti eða óréttmæti.

Menn bera einungis siðferðilegar skyldur gagnvart öðrum siðferðisverum en náttúran er ekki slík vera. Við berum ábyrgð á náttúrunni gagnvart sjálfum okkur og öðrum mönnum. Fyrir nokkrum árum skrifaði ég grein þar sem ég færi rök að því að grundvallarmunur sé á því að bera ábyrgð á og að bera ábyrgð gagnvart náttúrunni. Hér læt ég nægja að vísa á þá grein til frekari skýringar (“Þekking og siðferði í umgengni við náttúruna”, **Náttúrusýn**, Reykjavík 1994).

Skerðing náttúrunnar eða breyting á henni getur af framansögðu ekki verið siðferðilegt brot eitt og sér, heldur þarf að sýna fram á að í því felist brot gagnvart okkur sjálfum. Ekki er rétt að tala um brot gegn náttúrunni. Menn eru hins vegar oft glámskyggir á hverjir raunverulegir hagsmunir þeirra eru.

Hversu sterk er þá krafan um náttúruvernd? Hún er ekki réttmæt ef hún er byggð á því að náttúrunni beri vernd gagnvart umsvifum mannsins, heldur er hún réttmæt að því marki sem sannir hagsmunir manna felast í vernd náttúruyfyrirbæra.

b) Mennt hafa gagnrýnt viðhorf eins og þau sem ég held fram með því að segja í þeim felist að maðurinn sé gerður að húsbónda náttúrunnar. Maðurinn sé látinn bera ábyrgð á henni fremur en gagnvart henni. Þessi gagnrýni hefur verið orðuð sem svo að hefðbundin afstaða í siðfræði sé mannhverf – hún taki pólinn í mannleg gildi. Það sem fremur þurfi að gera á sviði umhverfissíðfræði sé að móta ómannhverfa síðfræði, þar ráði ríkjum gildi sem ekki eiga útgangspunkt í hag og farsæld mannsins.

Það er hefðbundin kenning fyrri alda að líta á manninn sem aðskilinn frá náttúrunni. Til dæmis er maðurinn herra sköpunarverksins samkvæmt kristnum hugmyndum enda hafi hann ákveðna guðdómlega eiginleika sem gera hann æðri náttúrunni. Þessir eiginleikar sem um ræðir felast í skynsemi eða skilningi og viljafrelsi. Það eru einmitt þeir sem gera okkur að síðferðisverum.

Nútímamenn líta almennt svo á að maðurinn sé ekki aðskilinn frá náttúrunni og hafi ekki forræði fyrir henni fremur en aðrar lífverur. Við erum náttúruyfyrirbrigði eins og hvert annað og þar með einnig þeir eiginleikar sem hugur okkar býr yfir og aðskilur okkur frá öðrum dýrum. Samkvæmt því er síðferði náttúruyfyrirbrigði sem tilheyrir mannskepnunni.

Síðferði finnst ekki annars staðar í náttúrunni. Dýr er ekki síðferðisvera né heldur náttúruöflin sem bæði byggja upp og brjóta niður án þess að um val eða ákvörðun hafi verið að ræða. Þar er ekkert tillit tekið til síðferðilegs réttmætis. Síðferði er fyrirbæri sem er bundið við svið mannlegra athafna og hefur sem slíkt viðtæk áhrif á allt umhverfi mannsins. Síðferðið leggur á okkur ákveðnar hömlur og fær okkur til að gera hlutina á einn veg frekar en annan.

En hvaðan kemur leiðsögnin í þessu efni? Við leitum gjarna út fyrir okkur sjálf að henni og ómannhverf umhverfissíðfræði ræðst einmitt í þá leit. Ég dreg þó í efa að sú leit geti borið nokkurn árangur.

Ég sagði áðan að nútímamönnum væri tamt að líta svo á að maðurinn hefði ekki forræði fyrir náttúrunni. Mörgum er einnig tamt að telja að náttúran hafi forræði fyrir mannum í þeim skilningi að “móðir náttúra” sjái honum farborða og því verði hann að líta upp til hennar og virða hana. Því má setja hana á stall og hugmyndin um ómannhverf síðferðisgildi í umhverfismálum getur einmitt byggst á slíkri hugsun sem er þá afturhvarf til eldri hugmynda um stigveldi tilverunnar - en með nýjum formerkjum. Umhverfissíðfræði af þessu tagi byggist á því að ýmis síðferðileg gildi sem mönnum ber að virða spretti af því sem kemur náttúrunni vel. Við hefðum þar með skyldur gagnvart náttúrunni.

Skírskotun til þess sem stendur utan við manninn við ákvörðunartöku í síðferðilegum eignum vekur spurninguna um hvernig boðin berist þaðan um hvað sé rétt. Hvað er guði þóknanlegt og hvað kemur náttúrunni best? Það þarf ekki að útlista ólíkar túlkanir á boðskap kristinnar. En hvað er náttúrulegt og hvað ekki? Hvað er rétt og rangt í samskiptum manns og náttúru?

Náttúran bara er og þegar það sem mennirnir eru og gera er dregið í dilka og sagt misæskilegt fyrir náttúruna þá tel ég augljóst að boðin séu í raun að koma frá okkur

sjálfum og þau snúist um afstöðu til þess hvað kemur okkur sjálfum best en ekki náttúrunni. Menntu eru að leitast við að ljá afstöðu sinni aukið vægi með slíkri skírskotun.

Mín niðurstaða er því sú að siðfræði hljóti einfaldlega alltaf að vera mannverf. Maðurinn er hluti af náttúrunni og er hluti af þróun náttúrunnar eftir eigin lögmálum.

c) Að sumu leyti er skírskotun til einhvers utanaðkomandi og æðra frávarp. Vandinn við að taka ákvarðanir sem hafa siðferðilegar hliðar er mannlegur og mennirnir þurfa að taka þær á eigin forsendum á grundvelli þess sem þeir telja að komi mönnum best. Við heyrum í hinni líflegu umræðu sem staðið hefur undanfarin misseri um virkjanir og hálendið að margvíslegar leiðir eru farnar í svona frávarpi. Komandi kynslóðir eiga rétt á að við gerum ekkert sem skerðir þeirra möguleika, útlendingar vilja ekki mannvirki á hálendinu, norsk fyrirtæki og stjórnvöld hafi skýrari sýn í umhverfismálum en íslensk og geta því leiðbeint okkur. En kjarni málsins er hvað við viljum og þurfum sjálf – hvað okkur er í raun fyrir bestu.

Átök um umhverfismál og hvað skuli vernda og hvar framkvæma eru einkenni á því að maðurinn er siðferðisvera. Hvað segir það okkur um hvernig við eigum að taka á þeim siðferðisvanda sem við erum í?

Það sem skilur manninn frá öðrum náttúruþyrirbærum er skynsemi hans og skilningur á eigin stöðu og getan til að taka ákvarðanir á grundvelli hans. Þetta veitir okkur frelsi sem þýðir að við erum ekki bundin náttúrulegri þróun í þeim skilningi að eitthvað hljóti að gerast eða verða gert. Óheppilegar afleiðingar mannlífsins eru því ekki afleiðing náttúrulegrar þróunar. Engu að síður eru þær bæði mannlegar og náttúrulegar. Og það er einnig bæði mannlegt og náttúrulegt að við gerum okkur grein fyrir hættunum sem um er að ræða og bregðumst við þeim.

Allar ákvarðanir hafa sínar afleiðingar fyrir framtíðina og ekki er hægt að fullyrða hvað kemur okkur þá best. Til þess að farnast vel þarf að vanda til verka og treysta framsýni á forsendum samtímans þegar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið er að sjá okkur sjálfum, mönnum, farborða með sem bestum árangri. Hvernig til tekst byggist á þekkingu og yfirsýn þegar um flóknar ákvarðanir er að tefla. Að náttúran skuli njóta vafans er því alltof einhæft viðmið. Áhættan hlýtur alltaf að vera okkar vegna þess að við erum og verðum siðferðisverur.